

Reykjavík 11.11.18

Efni: Athugasemdir við tillögur nefndarinnar er varða hatursorðræðu og ærumeiðingar.

Breytingar á gr. 233 a. í lögum nr. 19/1940

XXV. kafli. Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs.

233.gr. a. hljóðar svo:

Hver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Tillaga nefndarinnar að breytingu með viðbótinni: **enda sé háttsemin til þess fallin að hvetja til eða kynda undir hatri, ofbeldi eða mismunun.**

Tilmæli Ráðherranefndar Evrópuráðsins um hatursáróður eða hatursorðræðu (nr. R(97)20)

hatursáróður og/eða -orðræða „taki til hvers konar tjáningar sem dreifi, hvetji til, stuðli að eða réttlæti kynþátta-, útlendinga- og gyðingahatur eða annars konar hatur sem byggist á umburðarleysi, þ.á. m. umburðarleysi sem birtist í þjóðernishyggju eða þjóðhverfum sjónarmiðum, mismunun og fjandskap gagnvart minnihlutahópum, farandverkafólki og fólki af erlendum uppruna“

Fororð

Undirrituð, Sigríður Jónsdóttir, kt. 180166-5649, kem hér með á framfæri við nefnd um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis („nefndin“) alvarlegum athugasemdum mínum við tillögur er varða hatursorðræðu og ærumeiðingar sem settar hafa verið fram á svonefnda Samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar og kynntar í fjölmiðlum.

I upphafi er áréttað það sjónarmið að lýðræðisumbætur séu nauðsynlegar á Íslandi, einkum styrking tjáningarfrelsis er varðar útgáfu og fjölmiðlafrelsi, sem var kjarni umboðs nefndarinnar. Efling ákvæða sem varða hatursorðræðu á að haldast í hendur við þau markmið. Hinsvegar er afar alvarlegt ef hugmyndum um tjáningarfrelsi og hatursorðræðu er stillt upp sem útilokandi andstæðum eins og gert er í framsetningu tillaganna og kynningum nefndarmanna á þeim í fjölmiðlum, með þeim skilaboðum að nauðsynlegt sé að leyfa óskilgreinda hatursorðræðu í einhverju mæli og draga úr refsí- og réttarvernd jaðarsettra hópa svo hægt sé að tala um tjáningarfrelsi. Þessi framsetning skaðar upphaflegt markmið og nauðsynlega endurskoðun laga er varðar útgáfu- og fjölmiðlafrelsi.

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur tekið saman skýrslu með yfirskriftinni *Hatursorðræða. Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar* (Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova, 2013) – hér eftir nefnd „skýrsla MRSÍ“. Í skýrslunni koma fram fjölmargar ábendingar til stjórnvalda um nauðsynlegar úrbætur og aðgerðir til lýðræðisumbóta m.t.t. styrkingar ákvæða um hatursorðræðu og tjáningarfrelsi, m.a. með ítarlegri umfjöllun um alvarlegar athugasemdir sem nefndir á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa komið á framfæri við íslensk stjórnvöld við athugun á stöðu mannréttindamála á Íslandi og framfylgd ríkisins við skuldbindingar Íslands gagnvart alþjóðlegum mannréttindasamningum og -sáttmálum.

Á hádegismálþingi í Lögbergi í Háskóla Íslands, miðvikudaginn 7. nóvember s.l., staðfesti formaður nefndarinnar að nefndin hefði lesið skýrslu MRSÍ og vissi af tilvist hennar. Í því ljósi verður það að teljast grafalvarleg og afhjúpandi staðreynd að ekki er á skýrsluna minnst í tillögum nefndarinnar. Enn alvarlegra er að tillögur nefndarinnar sem snúa að hatursorðræðu, ærumeiðingum og refsíákvæðum 233 gr. a í lögum nr. 19/1940 og túlkun þeirra í greinargerð, skýringum og í kynningum nefndarmanna í fjölmiðlum gengur í berhögg við niðurstöður skýrslunnar og ábendingar eftirlirsnefnda Sameinuðu þjóðanna, **sem kalla eftir aukinni refsí- og réttarvernd til handa jaðarsettum einstaklingum og hópum, en ekki að dregið sé úr henni!**

Það er hrollvekjandi staðreynd fyrir einstakling, sem skilgreinir sig sem jaðarsettan, að nefndin hafi kosið að hunsa skýrslu MRSÍ og þær ábendingar sem í henni eru.

Refsivernd vs. Réttarvernd

6. Mat á áhrifum.

„Verði frumvarp þetta að lögum verður verndarandlag 233. gr. a almennra hegningarlaga þrengt, eftir þá rýmkun sem varð á ákvæðinu með lögum nr. 13/2014. Í þeirri breytingu mun felast að meira þarf að koma til svo mönnum verði gert að sæta refsingu samkvæmt ákvæðinu en nú er. Í því felst um leið að dregið er úr **refsivernd** þeirra hópa sem vísað er til í ákvæðinu. Þeir munu eftir sem áður njóta virkrar **refsiverndar** til samræmis við mannréttindaákvæði og alþjóðaskuldbindingar á þessu sviði.“ (Úr greinargerð með breytingartillögunni, bls. 10)

Það er misskilningur að jaðarsettir einstaklingar og hópar njóti virkrar refsiverndar á Íslandi. Skýrsla MRSÍ ber vitni um að svo sé alls ekki. Hugtökunum *refsivernd* og *réttarvernd* verður að gera skýr skil, og mat á áhrifum breytinganna er ekki trúverðugt í ljósi niðurstöðu skýrslu MRSÍ. Þar er kallað eftir ríkari refsivernd og réttarvernd jaðarsettra einstaklinga og hópa.

Veik staða jaðarhópa og margþætt mismunur

„Nauðsynlegt er að skoða hatursáróður og mismunur í víðu samhengi svo að ekki sé hætt á því að ákveðnar birtingarmyndir eða ástæður mismununar verði útilokaðar og einstakir minnihlutahópar eða hópar sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu njóti ekki verndar.“

(Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova, 2013. Bls. 8)

Bent er á að hvergi er minnst á fordóma, fyrirlitningu og hatur á grundvelli fötlunar í þessari tillögu að endurskoðun á ákvæði 233. gr a. í almennum hegningarlögum. Með vísan til fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hlýtur að eiga að verða breyting þar á.

Með aukinni þekkingu og vakningu til vitundar um margþætta mismunur er bent á mikilvægi þess að nálgast fordóma og mismunur á heildrænan og samtvinnnaðan hátt. Í skýrslu MRSÍ er bent á að á Íslandi er engin heildstæð mismununarlöggjöf til staðar. Þar er m.a. bent er á að mismunabreyturnar *fötlun* og *kynhneigð* er ekki einu sinni að finna í 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Þó unnið sé að undirbúningi lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er langt í land með að fatlað fólk njóti sömu réttinda og aðrir. Sú staða á því miður við um fleiri jaðarsetta hópa á Íslandi. Vísað er til skýrslu MRSÍ og ábendinga sem þar koma fram til stjórnvalda. Á meðan veik staða jaðarhópa á Íslandi er staðreynd og engin mismununarlöggjöf er til staðar hlýtur að reyna á aðra vernd þeirra. Það er ekki síst vegna þessa sem það er óforsvaranlegt að láta í ljósi skeytingarleysi um viðkvæma stöðu jaðarhópa gagnvart hatursorðræðu og tala hana niður á opinberum vetvangi eins og nefndarmenn hafa gert í kynningum tillaganna í fjölmiðlum. Það hvílir þung ábyrgð á herðum þeirra að viðurkenna umfang og eðli hatursorðræðu í íslensku samfélagi og sýna viðleitni til skilnings.

Réttlæting haturs: Um fordóma

„Það hefur sýnt sig að þegar hatursáróðri er leyft að dafna óáreittum, ýtir það undir þess konar ástand í samfélögum að ákveðnir hópar eru lítilsvirtir og mismunun þeirra almennt viðurkennd og í alvarlegustu tilvikum leiðir það til samfélagsrofs. Slíkt er ekki líðandi í lýðræðislegu nútímasamfélagi.“ (Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova, 2013. Bls.12)

Prenging 233 gr. a. getur verið mikilvæg í þeim tilgangi að varpa ljósi á og skýra þátt valdaójafnvægis, réttlætningar og mismununar í birtingarmyndum haturs.

Ef setja á fram þessa viðbót við ákvæðið er bent á mikilvægi þess að orðinu „fordómar“ verði bætt inn í breytingatillöguna, þannig að viðbótin við 233. gr. a. muni hljóða svo: ...enda sé háttsemin til þess fallin að hvetja til eða kynda undir hatri, ofbeldi, **fordómum** eða mismunun.

Það er mikilvægt að viðurkenna það **kerfisbundna** hatur sem er falið í viðhaldi fordóma sem þegar grassera í samfélagi. Það er ekki hægt að vísa til þess að hatur, hvort sem er í orðræðu eða í áróðri, skuli metið á þann hátt að viðmiðið sé að „efnisinnihald og framsetning miði að því að **telja fólki trú um** eða **beina skoðunum þess í ákveðinn farveg**“ þegar talað er um normalíseruð og viðtekin viðhorf gagnvart jaðarhópum sem þegar eru til staðar.

Samkvæmt tilmælum Ráðherranefndar Evrópuráðsins um hatursáróður eða hatursorðræðu (nr. R(97)20) eiga þeir sem tilheyra jaðarhópum, ekki að þola **réttlætingu** haturs sem byggist á umburðarleysi: að hatursáróður og/eða -orðræða, samkvæmt skilgreiningunni, „taki til hvers konar tjáningar sem dreifi, hvetji til, stuðli að **eða réttlæti** kynþátta-, útlendinga- og gyðingahatur eða annars konar **hatur sem byggist á umburðarleysi**, þ.á. m. umburðarleysi sem birtist í þjóðernishyggju eða þjóðhverfum sjónarmiðum, mismunun og fjandskap gagnvart minnihlutahópum, farandverkafólki og fólki af erlendum uppruna“.

Fordómar fela í sér slíka kerfisbundna réttlætingu haturs. Og fordómar eru dauðans alvara.

Í skýrslu MRSÍ kemur m.a. fram að **Nefnd um afnám alls kynþáttamisréttis** hafi lagt til að samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis verði innleiddur í íslensk lög. Nefndin hefur hvatt stjórnvöld til þess að setja slíka löggjöf sem tæki á öllum birtingarmyndum **kynþáttafordóma**, kynþáttamismununar, útlendingahaturs og annars umburðarleysis. Tilgangur slíkrar löggjafar væri að veita vernd gegn mismunun hvar sem er í samfélaginu og tryggja nauðsynleg og raunhæf úrræði í slíkum málum bæði hjá stjórnvöldum og dómstólum. **Evrópunefndin gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi** leggur einnig til að sett verði ákvæði um refsilyngingu ef **kynþáttafordómar** liggja að baki broti (Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova, 2013. Bls. 41 - 42) .

Í skýrslu MRSÍ er sett fram tillaga um aukningu refsingar vegna fordóma „[b]æta mætti inn setningu eða grein í kafla VIII í almennum hegningarlögum þar sem kveðið væri á um áhrif á þunga refsingar ef **kynþáttafordómar eða annars konar fordómar** liggja að baki broti. (Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova, 2013. Bls. 44). Feitleðtraðar áherslur eru undirritaðrar.

Viðurkenning á þörf fyrir aukna vernd gegn hatursorðræðu

Undirrituð gerir alvarlega athugasemd við tilvísun til ákvæða fjölmiðlalaga eins og gert er í umfjöllun í greinargerð við tillögu og viðmið um hatursorðræðu, þar sem vísað er til orðalagsins „með markvissum hætti“. Fordómar fela í sér markvissa og kerfisbundna réttlætingu haturs eins og útskýrt er hér að framan. Og vert er að muna að 233 gr. a. er sett fram til að vernda jaðarsetta einstaklinga og hópa, ekki til að skýra ábyrgð fjölmiðla.

Í skýrslu MRSÍ er fjallað um 27. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011, sem hér að neðan er vitnað til í heild. Feitletraðar áherslur eru undirritaðrar. Hér kallar Mannréttindaskrifstofa Íslands eftir **aukinni réttarvernd** gegn hatursáróðri og -orðræðu, þvert á þau markmið sem nefndin boðar!

„Í 27. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011 er að finna ákvæði sem leggur bann við hatursáróðri og hvatningu til refsiverðrar háttsemi. Í ákvæðinu segir:

„Fjölmiðlum er óheimilt að hvetja til refsiverðrar háttsemi. Einnig er þeim óheimilt að kynda með markvissum hætti undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis eða menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samfélaginu.“

Lögin gilda þó aðeins um fjölmiðla eins og þeir eru skilgreindir í lögnum og því falla samfélagsmiðlar og ýmsar vefsíður utan við lögin en mikilvægt er að skoða hvort ekki megi setja reglur sem gildi um slíka miðla. Það hefur sífellt færst í aukana að á samfélagsmiðlum sé að finna síður með hatursáróðri og einnig hafa athugasemdakerfi slíkra miðla verið notuð til þess að koma á framfæri alls kyns óhróðri og meiðyrðum. Síðar í ritinu verður fjallað um hatursorðræðu á internetinu og þær áskoranir sem fylgja því að reyna að stemma stigu við þessu vandamáli.

Í greinargerð með frumvarpi til fjölmiðlalaga er hatursáróður í 27. gr. skilgreindur sem „tal, texti, tjáning, hegðun og/eða framkoma sem birtist í texta, hljóði og/eða mynd þar sem hvatt er til ofbeldis, fordóma og/eða fordómafullrar hegðunar gegn einstaklingi eða hópi af fólki og/eða með því að vanvirða, smána, hræða og/eða ógna viðkomandi einstaklingi eða hópi“. Ákvæðið á ekki við um hefðbundna gagnrýni, skoðanaágreining eða stjórn málaumræður í fjölmiðlum. Fjölmiðlalögnum var breytt með lögum nr. 54/2013 sem tóku gildi 9. apríl 2013. Með þeim lögum var aukið við refsheimildir 54. og 56. gr. laganna og öll þau atriði sem tilgreind eru í 27. gr. gerð refsiverð en ekki aðeins hvatning til hatursáróðurs líkt og var áður.

Jafnframt var orðalagi 27. gr. breytt, en segja má að með breytingunni hafi ákvæðið verið þrengt og nær það nú aðeins yfir markvissa hvatningu fjölmiðla til haturs á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis, skoðana eða menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samfélaginu. **Með því að takmarka ákvæðið með þessum hætti nær vernd þess ekki yfir tilvik þar sem ein hatursfull grein birtist í prentmiðli eða einstaka þætti í útvarpi eða sjónvarpi og er hugsunin sú að það þurfi að vera um að ræða ítrekaða hvatningu fjölmiðils til að ákvæðið eigi við.** Greininni er ætlað að taka á ábyrgð fjölmiðilsins sjálfs en ekki einstaklinga sem ákvæði 51. gr. fjölmiðlalaga eða ákvæði annarra laga, s.s. 233. gr. a hgl., næðu þá yfir. Líkur eru á að hér á landi sé einmitt mesta þörfin á réttarverndinni í tilvikum þar sem um væri að ræða einstaka frétt eða umfjöllun, þar sem ákvæði annarra laga veita ekki nægilega vernd.“

(Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova, 2013. Bls.25 – 26)

Um dómaframkvæmd og aðgengi að réttlæti

„[Durban-yfirlýsingin] og aðgerðaáætlunin eru staðfesting á eindregnum vilja alþjóðasamfélagsins til að berjast gegn fordómum og mismunun á innlendum, svæðisbundnum sem og alþjóðlegum vettvangi. Einnig er hún viðurkenning ríkjanna á því að ekkert ríki sé laust við fordóma, að fordómar séu alheimsvandamál og að takast verði á við vandamálið með samstilltu átaki.“

(Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova, 2013. Bls. 15)

Dómurinn í máli 304/2017 sem féll Samtökunum 78 í óhag þar sem einstaklingur var sýknaður fyrir ummæli sem látin voru falla um samkynhneigð, er sorglegt dæmi um það að dómstólar hafa ekki tekið inn í myndina alvarleika réttlætningar haturs, þrátt fyrir að dómurinn teldi í orðum ákærða hafi birst orðræða „sem telja má smánun í garð samkynhneigðra“ og að „orðin hafi jafnframt borið með sér fordóma“. Ef taka á tilmæli Ráðherranefndar Evrópuráðsins alvarlega og koma til móts við gagnrýni eftirlitsnefnda Sp, þá ætti löggjöf á Íslandi að orða skýrt að kerfisbundin réttlætning haturs sem birtist í fordómum er hatursáróður.

Það að nefndin skuli leggja til að með boðaðri lagabreytingu **skuli dregið úr refsivernd** þeirra hópa sem ákvæði almennra hegningarlaga 233. gr. a. vísar til er grafalvarlegt og gengur gegn mannréttindaákvæðum og alþjóðaskuldbindingum!

Í skýrslu MRSÍ er vakin athygli á hversu fáum dæmum er til að dreifa þar sem reynt hefur á 233. gr. a. almennra hegningarlaga. Athugasemdir **Nefndar um afnám alls kynþáttamisréttis** hafa m.a. fjallað um hve fá brot á 180. og 233. gr. a. í hegningarlögunum hafa verið tilkynnt til lögreglu og að þau mál sem tilkynnt voru hafi verið felld niður vegna ónógra sannana eða þá vegna þess að aðilar vildu ekki fara lengra með málið. Stjórnvöld hafa af þessu tilefni verið hvött til að grípa til aðgerða til þess að upplýsa fólk af erlendum uppruna um réttindi sín og þolendur um þau úrræði sem þeim eru tæk til að leita réttar síns til að auðvelda aðgengi þeirra að réttlæti (Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova, 2013. Bls. 40 - 41).

Í skýrslu MRSÍ er enn fremur fram að **Evrópunefndin gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi** leggur til að lögreglumenn, ákærendur, dómarmenn og lögmenn fái fullnægjandi þjálfun bæði í upphafi starfa sinna sem og í starfi á sviðum sem tengjast **kynþáttafordómum og kynþáttamisrétti** og hvernig megi koma auga á **kynþáttafordóma** sem afbrotahvata (Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova, 2013. Bls. 42).

„Í 1. tl. 242. gr. almennra hegningarlaga segir að brot skv. 233. gr. a. skuli sæta opinberri ákæru, án þess að sá sem misgert var við krefjist þess, en þrátt fyrir þetta berast lögreglu ekki margar tilkynningar frá öðrum aðilum sem gæti stafað af því að almenningur er ekki á verði gagnvart slíkum brotum eða þekkir ekki lögin. [...] Þrátt fyrir að skýrsluhöfundar myndu vilja trúa því að á Íslandi verði enginn þolandi hatursorðræðu, þá er staðreyndin önnur og því þarf að breyta bæði framkvæmd hjá lögreglu sem og að auka fræðslu til almennings. [...] Hatursorðræða sem slík beinist í fæstum tilvikum að ákveðnum einstaklingum heldur hópum sem hafa ekki endilega einstaklingsbundinna lögvarinna hagsmuna að gæta. Einnig er ljóst að þessir hópar vita oft á tíðum ekki hver réttarstaða þeirra er í þessum málum eða þora ekki að koma fram og tilkynna brot gegn sér“ (Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova, 2013. Bls. 43-44).

Hver á rétt á umburðarlyndi?

Samkvæmt ofangreindum upplýsingum eru alvarlegar kerfisbundnar brotalamir í íslensku réttarkerfi og alvarlegt ef nefndin lítur ekki til þess að jaðarsettir hópar á Íslandi hafa veika stöðu og hafa ekki opið aðgengi að réttlæti! Hindranirnar eru margar og flóknar ástæður liggja að baki því hversu fá mál hafa ratað á borð dómstóla. Þær tengjast stöðu, efnahag, berskjöldun og skorti á þekkingu og stuðningi. Það er ekki fyrir hvern sem er að höfða dómsmál, allra síst fyrir þá einstaklinga sem búa við jaðarsetningu.

Í því ljósi er hægt að fullyrða að jaðarsettir einstaklingar á Íslandi hafa sýnt takmarkalaust umburðarlyndi gagnvart þeirri hatursorðræðu sem að þeim snýr!

Um leið og afmörkun 233. gr. a. er mögulega studd á þeirri forsendu að mikilvægt sé að skýra þátt valdaójafnvægis og mismununar í birtingarmyndum haturs, þá hlýtur það að vera verulegt áhyggjuefni jaðarsettra einstaklinga og hópa hvernig nefndarmenn hafa kynnt þessa breytingu á löggjöfinni og með hvaða skilyrðum hún er sett.

Undirrituð vísar bæði til viðtala í Speglinum þann 15. október s.l. (sótt af <http://www.ruv.is/spila/klippa/tillogur-um-umbaetur-a-tjaningarfrelsi>) og í Kastljósi daginn eftir þann 16. október s.l. (sótt af <http://www.ruv.is/spila/ruv/kastljjos/20181016>). Þar hafa nefndarmenn snúið kröfunni um **umburðarlyndi** upp á þolendur haturs, þ.e. að fólk, sem 233. gr. a. í almennum hegningarlögum og tilmæli Ráðherranefndar Evrópuráðsins um hatursáróður eða hatursorðræðu (nr. R(97)20) eiga sannarlega við um, skuli með breytingu laganna sætta sig við einhverjar óskilgreindar „móðganir“ sem kunna að fela í sér mismunun, fordóma, ofbeldi og hatur og umbera með þeim hætti hatur hinna umburðarlausu.

Þá er ámælisvert og sérlega alvarlegt að í þessum viðtölum hefur verið gefið í skyn að hatursorðræða og hatursáróður muni verða órefsivert athæfi og sá misskilningur ekki leiðréttur.

Það er ekki hægt að setja fram þrengingu á 233. gr. a. og boða óskýra og óskilgreinda skerðingu refsiverndar, (jafnvel afnám hennar), sem gengur gegn mannréttindasamningum og alþjóðaskuldbindingum, og þannig grafa undan ákvæðinu. Nefndarmenn hafa þannig skapað grunninn að fullkominni réttaróvissu. **Annað hvort er ákvæðið í gildi eða ekki!**

Hvernig á annars að meta hvenær móðgun er orðin að hatursáróðri? Á að telja tilvik, tímamæla, telja sjálfsvíg, - hvar eiga mörkin að liggja að mati nefndarmanna? Það er engan veginn hægt að réttlæta beitingu hatursorðræðu í einhverjum óskilgreindum tilfellum, í algjörrri andstöðu við tilmæli Ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(97)20 og fram komnar athugasemdir eftirlitsnefnda SP.

Og í ljósi þeirra hindrana að réttlæti, sem snúa að jaðarsettum einstaklingum, sem eru eins alvarlegar og raun ber vitni og lýst er hér að ofan, þá hlýtur þetta boð nefndarinnar til jaðarsettra hópa um skerta refsivernd og kröfu um umburðarlyndi þeirra að skoðast sem aðför að jaðarsettum einstaklingum og hópum og **tilraun til endanlegrar þöggunar þeirra!**

Fælingarmáttur refsingar: Um refsivernd

Þá á eftir að gera grein fyrir því að refsing hefur fælingarmátt. Við getum því miður illa mælt áhrif slíks fælingarmáttar. Þó fólk keyri yfir gatnamót á rauðu ljósi og komist jafnvel upp með það, þá þýðir það ekki að við ættum að afnema refsingu, því hún hefur fælingarmátt. Við lofum öikumönnum ekki refsileysi fyrir fyrstu fimmtán tilfellin sem þeir keyra yfir á rauðu! Tilvist skýrra refsíákvæða sem fæla fólk frá því að keyra yfir gatnamót á rauðu ljósi hefur örugglega bjargað mannlífum. Sama má segja um tilvist ákvæða um refsingu fyrir hatursfulla orðræðu og áróður. Í því felst verndin að stórum hluta!

Þetta er afar eldfimt í nútímanum þar sem hatursorðræða og hatursáróður á í auknum mæli upp á pallborðið og fær að grassera á samfélagsmiðlum. Í Bandarkjunum er mikil umræða um áhrif orðræðu forsetans og þátt hennar í auknu ofbeldi og hatursglæpum gegn jaðarhópum. Finnst nefndinni við ekki þurfa að standa á tánum til varnar jaðarhópum? Er það virkilega skoðun valdhafa og Alþingis að brýnt sé að grafa undan réttar- og refsivernd jaðarsettra einstaklinga og hópa gegn hatursorðræðu og hatursáróðri og takmarka hana? Þarf að nefna að útópískar hugmyndir um tjáningarfrelsi hafa einmitt átt upp á pallborðið hjá hægri-öfga hreyfingum í Bretlandi? Þessa mynd hér að neðan er vert fyrir nefndina að íhuga alvarlega.

(Sótt af vef The Guardian <https://www.theguardian.com/commentisfree/2018/may/07/far-right-britain-freedom-of-speech>). Með hverjum og málstað hverra er ætlunin að standa?

The 'freedom of speech' march on Whitehall this weekend was part of an escalation of far-right activity - but it's not being taken seriously



▲ A 'Day of Freedom' protester in central London. Photograph: Penelope Barritt/Rex Features

Það er mæta vel skiljanlegt að endurskoðun löggjafar um tjáningarfrelsi sé þörf í ljósi lögbanna sem sett hafa verið á útgáfu og fjölmiðla. Valdhafar eiga ekki að geta misnotað löggjöf með þeim hætti svo sem raun ber vitni. En þarf virkilega að henda jaðahópum fyrir úlfana í þessum tilgangi? Er það virkilega mikilvægt gagnvart valdaminnstu einstaklingum í samfélagi? Bera þeir einhverja sök á misnotkun valds?

Og þá verður nefndin að svara því hvernig á að tryggja aðgengi jaðarsettra hópa að dómstólum og réttlæti. Hvernig ætlar ríkið að sjá til þess að að réttarvernd sé tryggð og að raunveruleg, raunhæf og virk úrræði séu til staðar fyrir jaðarsett fólk til að leita réttar síns? Ef engar fyrirbyggjandi varnir er að finna til handa jaðarsettum einstaklingum og hópum gegn hatursáróðri og -orðræðu, þá hlýtur nefndin að hafa gert ráð fyrir því að jaðarsettir einstaklingar fái meðbyr inn í réttarsalina. Eða hvað?

Niðurlag

Þessar tillögur ganga því miður alltof langt og ganga mjög nærri jaðarsettum einstaklingum, frelsi þeirra og friðhelgi einkalífs. Þessa atögu að jaðarsettum hópum og einstaklingum má setja í flokk með fráleitum hugmyndum sem nú má finna á svokallaðri Samráðsgátt stjórnvalda um afnám nafnbirtinga sakamanna í dómum. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir þingmaður Pírata kallaði þá framkvæmd „skjaldborg utanum nauðgara og níðinga þessa lands“. Á líka að slá skjaldborg utanum hatursofbeldismenn þessa lands á kostnað valdaminnstu einstaklinganna í samfélaginu? Er ástæða til að bjóða þeim vernd á kostnað refsí- og réttarverndar jaðarsettra einstaklinga og hópa?

Þetta eru gríðarleg vonbrigði fyrir þau okkar sem óskað hafa eftir raunverulegum lýðræðisumbótum og skilja nauðsyn þeirra á eigin skinni. Það sem verra er, þessi tillaga truflar stórkostlega umræðu um styrkingu tjáningarfrelsis er varðar útgáfu og fjölmiðlafrelsi, sem var kjarni umboðs nefndarinnar. Ef markmiðið var að ná fram lýðræðisumbótum, þá hefur niðurstaðan algerlega brugðist því markmiði. Tillagan grefur illilega undan valdalausustu hópum samfélagsins og leggur þá á berangur þar sem þeir mega verjast eftir bestu getu án verndar samfélagsins. Það felur ekki í sér lýðræðisumbætur, heldur niðurrif samfélags.

Hvernig lýðræði?

Nefndinni er bent á að hlusta á samtali Ævars Kjartanssonar og Jóns Torfa Jónassonar við Sigurð Kristinsson, prófessor við Háskólann á Akureyri, í þættinum Samtali, sunnudaginn 21. október s.l. (Sótt af <http://www.ruv.is/spila/ras-1/samtal/20181021>). Við þurfum að spyrja okkur hvernig lýðræði við viljum. Ætlum við að halda áfram að kynda undir úreltum lýðræðishugmyndum sem byggja á frjálslyndi, þar sem einstaklingshyggja á sterum ræður ríkjum og sem innibera hugmyndir um ofurfrelsi „able“ einstaklingsins, eða ætlum við að feta okkur yfir í annars konar lýðræðishugmyndir, byggðar á sanngjörnum skilyrðum um samræður.

Og eiga þeir sem kallaðir hafa verið til vegna afmarkaðrar þekkingar, en hafa enga reynslu af jaðarsetningu, að ráða svona miklu og hafa svona mikið vald til að setja fram hugmyndir sem snerta hina jaðarsettu? Er það lýðræðið sem við viljum? Koma hefði mátt í veg fyrir þessa pínlegu stöðu ef nefndin hefði haft þá auðmýkt til að bera að bjóða fulltrúum jaðarsettra hópa

til raunverulegs samráðs um tillögurnar, í það minnsta leitað álits Mannréttindaskrifstofu Íslands, en það var ekki gert.

Að lokum skal minnt á að fólk á jaðrinum á erfiðast með að svara fyrir sig, verjast og bera hönd fyrir höfuð sér. Ólíklegt er að nefndinni berist margar ábendingar sem þessar. Undirrituð hefur færni, menntun, íslenskukunnáttu, tækniþekkingu, aðgengi, tíma, orku, úthald, styrk, stuðning og aðstöðu til að koma frá sér þessum athugasemdum inn á hina svokölluðu *Samráðsgátt* stjórnvalda. Sú gátt er óaðgengileg of mörgum af jafn mörgum ástæðum.

Sigríður Jónsdóttir

baráttukona fyrir réttindum fatlaðs fólks
meðlimur í Tabú, femínískri hreyfingu fatlaðra kvenna
Diplóma í Hagnýtri jafnréttisfræði frá HÍ
Viðskiptafræðingur frá HÍ
MM Mannes College, New York
BM University of Illinois, Urbana

Undirrituð skilgreinir sig sem fatlaðan einstakling, jafnréttissinna og baráttukonu fyrir réttindum fatlaðs fólks, mannréttindum, réttlæti, lýðræðisumbótum og tjáningarfrelsi.

Í athugasemdunum er vísað er til skýrslu Mannréttindaskrifstofu Íslands:

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Iuliana Kalenikova. (2013). *Hatursorðræða: Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar*. Reykjavík. Mannréttindaskrifstofa Íslands.

Sótt af: <http://www.humanrights.is/static/files/Utgafa/hatursordraeda-yfirlit-yfir-gildandi-log-og-reglur-abendingar-til-framtidar.pdf?fbclid=IwAR3hN0PVwXHaD3U9oSjHk60n78hPTiyenTT5qguF-VwzcHRgdKc5VWE-GqA>